

Skólaráð 6.febrúar 2020

Fundur settur kl. 8:30

Mættir: Hilma, Magda, Sólveig, Unnar, Vala í stað Heiðu (Alexandra Heiða veik) og Árni sem ritar fundargerð.

Í skólaráði 2019-2020 og 2020-2021:

Skólastjóri: Hilma Steinarsdóttir

Fulltrúar kennara: Árni Davíð Haraldsson og Magdalena Zawodna

Fulltrúi annara starfsmanna: Sólveig Sveinbjörnsdóttir

Fulltrúar foreldra: Karen Rut Konráðsdóttir og Marta Uscio

Fulltrúar nemenda: Unnar Gamalíel og Alexandra Heiða

Hilma setur fundinn og leggur til að Árni Davíð Haraldsson verði ritari.

Hilma dreifir Handbók um skólaráð, Leiðbeiningar fyrir heilsueflandi grunnskóla, Starfsáætlun, Tillögu að vetrarskipulagi, áfallaáætlun og rýmingaráætlun.

Á fyrsta fundi er ákveðinn fulltrúi grenndarsamfélagsins, velja sjálf einn fulltrúa úr hópi íbúa eða viðbótarfulltrúa úr hópi foreldra og anna til vara.

Stungið er upp á að Sigurður Ragnar Kristinsson verði fulltrúi samfélagsins. Samþykkt

Hlutverk og helstu verkefni

Skólaráð er samráðsvettvangur skólastjóra og skólasamfélags um skólahald, í skólaráði sitja níu einstaklingar sem kosnir eru til tveggja ára í senn.

Hilma fer yfir handbókina um skólaráð og helstu verkefni þess. Stingur upp á því að unglingar fundi saman og fjalli um valgreinar.

Starfsáætlun:

Hversu oft skal funda, hvenær og hvar

(sjá bls 9) Litlir skólar fundi eigi sjaldnar en fjórum sinnum yfir árið.

Stefnumótun:

Taka þátt í að móta stefnu um helstu einkenni skólans og hvernig hann tengist grenndarsamfélaginu.

Áætlanir, skólareglur og fleira

Fjalla um skólanámskrá, rekstraráætlun, starfsáætlun skólans, þar á meðal skóladagatal skólareglur og aðrar áætlanir um skólastarfið.

Fjalla um valgreinar á unglingsstigi, niðurstöður samræmda prófa, skimana og innra og ytra mats.

Meiriháttar breytingar

Fjalla um meiriháttar breytingar

Öryggi og almenn velferð nemenda

Fylgjast með öryggi, húsnæði, aðstöðu, aðbúnaði og almennri velferð nemenda.

Heilsueflandi grunnskóli: Fjallað var um Heilsueflandi grunnskóla. Hilma stingur upp á að skólaráð verði stýrihópur og haldi utan um það sem að því kemur og að Hilma verði tengiliður. Farið lauslega yfir leiðbeiningabækling um heilsueflandi grunnskóla.

Skóladagatal 2020-2021: Farið yfir skóladagatalið en því var dreift og samþykkt á kennarafundi í gær.

Starfsáætlun: Flett í gegnum starfsáætlun og farið yfir helstu atriði. (bæta við ferli sem skal fylgja ef upp kemur einelti).

Fundi slitið 9:05